



Borgarráð

Tillaga um fulltrúa Reykjavíkurborgar í dómnefnd vegna samkeppni um þróun Keldna og Keldnaholts

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipa Dag B. Eggertsson, Hildi Björnsdóttur og Ólöfu Örvarsdóttur sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í dómnefnd vegna samkeppni um þróun Keldna og Keldnaholts. Samkeppnin er í samræmi við samþykkt borgaráðs frá 22. september sl. um umgjörð vegna samkeppni um þróun Keldna og Keldnaholts og viljayfirlýsingar Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf. frá 28. apríl sl.

Greinargerð:

Á grunni samþykktar borgarráðs þann 22. september 2022, á umgjörð samstarfsverkefnis Reykjavíkurborgar og Betri samgangna ohf um skipulagssamkeppni um þróun Keldna og Keldnahols, hefur verkefnisstjórn unnið tillögur að samkeppnisformi og samsetningu dómnefndar.

Tillaga verkefnisstjórnar sem kynnt hefur verið í stýrihópi verkefnisins miðar að því að halda alþjóðlega tveggja þrepa samkeppni um þróun Keldnaland. Með samkeppninni er ætlunin að ná fram raunhæfum hugmyndum borgarhönnuða um víða veröld um stórt sjálfbært framtíðarhverfi, sem fléttast vel inn í borgarmynstur Reykjavíkur.

Dómnefnd verður skipuð þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar, þremur fulltrúum Betri samgangna ohf. og tveimur erlendum sérfræðingum. Verkefnisstjórn vinnur nú drög að keppnislýsingu sem er gerð á grunni verklags umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur og með aðkomu AÍ og FÍLA.

Gert er ráð fyrir að dómnefnd fullklári keppnislýsingu í desember og að samkeppnin verði auglýst í byrjun árs 2023 og niðurstöður liggi fyrir eftir mitt næsta ár.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri